

A 1695/presidiet:

Afgreiðsla Forsætisnefnd

Nefndarálit forsætisnefndar um
þingmannatillögu um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar varðandi þingmannatillögu A 1695/presidiet

Aðdragandi

Flokkahópur vinstri sósíalista og grænna, VSG, lagði til:

Að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna
að þær vinni að því að Norðurlöndin verði kjarnavopnalaust svæði og
samþykki þar með nauðsynlegar aðgerðir þar að lútandi.

Tillagan var ekki meðal þeirra nýju tillagna sem náðu að vera teknar til fyrstu afgreiðslu á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 1. nóvember 2016. Í rökstuðningnum með tillögunni var lögð áhersla á að það væru mjög skýr skilaboð ef við hefðum kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum, vegna þess að Norðurlöndin sem heild hafa verið öflug og trúverðug rödd afvopunar kjarnavopna.

Í mars 2011 var svipuð tillaga samþykkt. Það var tillagan „*Fækkun skammdrægra vopna og þróun í átt að kjarnorkuvopnalausum svæði á norðurskautssvæðinu*“. Norðurlandaráð beindi tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda um

að leggja sitt af mörkum í viðleitninni til að skapa heim án kjarnorkuvopna með því að stuðla að því að skammdrægum vopnum sem geta borið kjarnavopn verði fækkað og þau lögð niður í Evrópu og grannsvæðum hennar;

að stuðla að því að dregið verði úr flutningum kjarnorkuvopna yfir norðurskautssvæðið og sé það skref í þróun í þá átt að norðurskautssvæðið verði kjarnorkuvopnalaust svæði.



Norðurlandaráð sá sér til ánægju í desember 2011, eftir að svör höfðu borist frá ríkisstjórnnum Norðurlanda, að ríkisstjórnirnar ynnu á virkan hátt að áframhaldandi afvopnun á sviði kjarnavopna og að þær styddu einnig myndun kjarnavopnalausra svæða, þar sem það þjónaði tilgangi sínum.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Málflytjandi, flokkahópur vinstri sósíalista og grænna, lagði áherslu á áframhaldandi ógn sem stafaði af kjarnavopnum þegar fjallað var um tillöguna á fundi forsætisnefndar 28. nóvember 2016. Tillagan naut ekki stuðnings hinna flokkahópanna. Sumir höfnuðu tillögunni alfarið og töldu að helsta ógnin í dag varðandi notkun kjarnavopna kæmi frá Rússlandi og ekki frá Norðurlöndum. Norðurlöndin eru nú þegar kjarnavopnalaust svæði. Aðrir voru fylgjandi hugmyndinni, en töldu ekki rétt að blanda Norðurlandaráði í málið.

Keflavík, 28. nóvember 2016

Britt Lundberg (ÅC)

Erkki Tuomioja (sd)

Hans Wallmark (M)

Henrik Dam Kristensen (S)

Karin Gaardsted (S)

Michael Tetzschner (H)

Mikkel Dencker (DF)

Phia Andersson (S)

Ruth Vang (F)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)

Sonja Mandt (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Wille Rydman (saml)